

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 2/2023**

**frá 3. febrúar 2023**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1457 frá 2. september 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2330 að því er varðar skilmála leyfis fyrir járn(II)klósambandi af aminosýruhýdrati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við 231. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2330) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 1457**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1457 frá 2. september 2022 (Stjtið. ESB L 229, 5.9. 2022, bls. 10).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1457, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 229, 5.9.2022, bls. 10.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.